



**Efni: Heimild til að ljúka innleiðingu á Teams Phone símakerfi inn á öll svið Reykjavíkurborgar**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að ljúka innleiðingu Teams Phone símakerfis fyrir öll svið Reykjavíkurborgar. Skóla- og frístundasvið er síðasta sviðið sem á eftir að taka kerfið í notkun. Stefnt er að því að framkvæmd verkefnisins verði lokið í árslok 2025. Notendur kerfisins eru allt starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, áhöld tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá nóvember 2024 til desember 2025. Heildarkostnaður við verkefnið er samkvæmt frumkostnaðaráætlun 30 m.kr sem skiptist á tímabilinu í innanhúss kostnað 23 m.kr. og utanhúss kostnað 7 m.kr. sem fer af eignarsjóði.

Kostnaður innanhúss sem leggst á verkefnið er innheimtur í gegnum gjaldskrá með sama hætti og eldra símakerfi sem er á útleið. Starfstaðir greiða fyrir þjónustu í hlutfalli við þann fjölda símtækja sem óskað er eftir. Kostnaður utanhúss sem leggst á verkefnið er tilkominn vegna áætlunar um kaup á þjónustu verktaka við innleiðingu og uppsetningu á símakerfi og símboðum.

Erindið hefur verið lagt fram og kynnt á fundi stafræns ráðs, sbr. 5. lið fundargerðar ráðsins frá 27. nóvember 2024

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



**Greinargerð:**

Teams Phone bætir samskipti starfsfólks með heildstæðri lausn sem nýtist fyrir fleira en hefðbundin símtöl. Kerfið býður ekki aðeins upp á símtöl heldur einnig á fjarfundi, spjallborð og verkfæri til að skipuleggja samskipti á skilvirkan og sveigjanlegan hátt.

Innleiðing Teams Phone felur í sér verulega hagræðingu. Flest starfsfólk fær aðgang að kerfinu sem tölvusíma, sem dregur úr þörf fyrir borðsíma og einfaldar flutninga á milli starfstöðva. Teams Phone er miðlæg skýjalausn sem einfaldar símakerfi borgarinnar með því að útrýma eldri kerfum en yfir 70 símkerfi verða tekin úr notkun. Þar að auki er kerfið aðgengilegt í tölvum, farsímum og sem smáforrit, sem gerir samskipti sveigjanlegri og fjölbreyttari en hefðbundnir borðsímar geta boðið.

Fjárhagslegur ávinningur er einnig umtalsverður. Rekstur kerfisins verður skilvirkari og umsjón með samningum og samskiptum við birgja einfaldari. Til lengri tíma er skýjalausnin hagkvæmari, þar sem afskriftir á tækjum og vélbúnaði lækka. Að auki er lausnin útboðshæf, sem tryggir að Reykjavíkurborg sé ekki bundin við einstaka birgja til langs tíma.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif. Teams Phone styður jaðarhópa með fjölbreyttum og sveigjanlegum lausnum. Til dæmis veitir kerfið einstaklingum með skerta getu aukið frelsi til að taka símtöl og halda fundi á þeim tíma og stað sem hentar þeim best.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 30 m.kr. sem skiptist í innanhúss kostnað að upphæð 23 m.kr. og utanhúss kostnað að upphæð 7 m.kr.

Kostnaðarstaður: Kostnaðarstaður 2102, áhöld tæki og hugbúnaður PON. Verkefnaklassi 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Verkeiðnanúmer 252604.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þróstur Sigurðsson,  
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur